

SNJALLARI SAMAN

upplýsingatækni og miðlun í skólastarfi

Ráðstefna miðstöðvar skólaþróunar við Háskólann á Akureyri haldin 16. apríl 2016

Efnisyfirlit

| | |
|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------|
| DAGSKRÁ | 3 |
| YFIRLIT MÁLSTOFA | 6 |
| AÐALERINDI | 7 |
| Undir oki upplýsinga(r) | 7 |
| Að nota rafræna kennsluhætti. Hversu snjallt er það? | 8 |
| Veldisvaxandi tæknibreytingar og þekkingarþarfir kennara: Hvað þurfa kennarar að kunna og hvernig læra þeir það? | 9 |
| ÁGRIP AF MÁLSTOFUERINDUM | 10 |
| Málstofa 1.1 – stofa M201 | 10 |
| Tölvur og snjalltækni í leikskólastarfi. Má læra af fortíðinni? | 10 |
| Ljósmyndun í leikskólum | 10 |
| Málstofa 1.2 – stofa M202 | 11 |
| Upplýsingatækni hjá SFS | 11 |
| SAFT-smiðja | 11 |
| Málstofa 1.3 – stofa M203 | 11 |
| Viðhorf nemenda til rafræns námsumhverfis | 11 |
| Klappland-Appland | 12 |
| Málstofa 1.4 – stofa L201 | 12 |
| Innleiðing spjaldtölva eða umpólun kennsluhátta? | 12 |
| Ég vona að skólinn fari að innleiða meiri tækni | 13 |
| Málstofa 1.5 – stofa L202 | 13 |
| Google Classroom | 13 |
| Wiki í skólastarfi | 13 |
| Málstofa 1.6 – stofa L203 | 14 |
| Frá miðaldahandritum til tilraunaverkefnis í máltækni | 14 |
| Handritin heima | 14 |
| ÍSLEX | 14 |
| Málstofa 1.7 – stofa N102 | 15 |
| Námið, kennslan og tæknin: Menntaskólinn á Tröllaskaga | 15 |
| Örkygningar | 15 |
| Sælgætispokinn | 15 |
| QuizLet..... | 15 |
| Málstofa 2.1 – stofa M201 | 16 |
| Leikskólinn Krógaból | 16 |

| | |
|----------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------|
| OSMO | 16 |
| Puppet Pals | 16 |
| Bókaormar, sögur og ævintýri í Puppet Pals | 16 |
| Málstofa 2.2 – stofa M202 | 17 |
| Lesskilningur án bóka. Breyttir kennsluhættir í Kópavogi | 17 |
| Málstofa 2.3 – stofa M203 | 17 |
| Spjaldtölvur í skólastarfi – áætlun um innleiðingu | 17 |
| Spjaldtölvur í tónmennt..... | 18 |
| Málstofa 2.4 – stofa L201..... | 18 |
| Talgervlar til aðstoðar nemendum með lestrarörðugleika..... | 18 |
| Innleiðing augnstýribúnaðar í skólastarf Klettaskóla..... | 18 |
| Málstofa 2.5 – stofa L202..... | 19 |
| Tækninýjungar við HA..... | 19 |
| Vendikennsla á háskólastigi..... | 19 |
| Málstofa 2.6 – stofa L203..... | 19 |
| Frá miðaldahandritum til tilraunaverkefni í máltækni | 19 |
| Beygingarlýsing íslensks nútímamáls (BÍN)..... | 20 |
| N-stæðuskoðari | 20 |
| Málstofa 2.7 – stofa N102..... | 20 |
| Námið, kennslan og tæknin: Menntaskólinn á Tröllaskaga | 20 |
| Vendikennsla, Educreation, Lensoo..... | 20 |
| Samfélagsmiðlar í námi | 20 |
| Útivist í snjó | 20 |
| Málstofa 3.1 – stofa M201 | 21 |
| Nemendur búa til eigin bækur og ratleiki..... | 21 |
| Málstofa 3.2 – stofa M202 | 21 |
| Ratleikir og póstaleikir fyrir síma og önnur snjalltæki | 21 |
| Málstofa 3.3 – stofa M203 | 22 |
| Hefðbundnir kennsluhættir og spjaldtölvan..... | 22 |
| Málstofa 3.4 – stofa L201..... | 22 |
| Með tæknina í lófanum: Hvernig má rannsaka áhrif spjaldtölvuvæðingar á frammistöðu nemenda í námi? | 22 |
| Málstofa 3.5 – stofa L202..... | 23 |
| Nýting miðla og upplýsinga í námi og háskólakennslu | 23 |
| Málstofa 3.6 – stofa L203..... | 23 |
| Netávani. Nýtt verkefni fyrir fjölskyldur | 23 |
| Málstofa 3.7 – stofa N102..... | 24 |
| Mix í MA | 24 |
| Kynningabásar | 24 |
| eTwinning | 24 |

Dagskrá

- Kl. 9.30** **Skráning og afhending gagna**
- Kl. 10.00** **Setning**
Eyjólfur Guðmundsson, rektor Háskólans á Akureyri
- Kl. 10.10** **Undir oki upplýsinga(r)**
Kjartan Ólafsson, lektor og formaður félagsvísindadeildar HA
- Kl. 10.50** **Kaffi**
- Kl. 11.10** **Málstofulota I**
- 1.1** **Tölvur og snjalltækni í leikskólastarfi. Má læra af fortíðinni?**
Anna Elísa Hreiðarsdóttir, lektor við HA
 Ljósmyndun í leikskólum
Egill Óskarsson, kennari í Leikskólanum Fögrubrekku
- 1.2** **Upplýsingatækni hjá SFS**
Þorbjörg St. Þorsteinsdóttir, verkefnastjóri
 SAFT-smiðja
Sólveig Karlsdóttir, verkefnastjóri Heimilis og skóla - landssamtaka foreldra
- 1.3** **Viðhorf nemenda til rafræns námsumhverfis**
Aðalheiður Hanna Björnsdóttir, kennari í Akurskóla, og Guðmundur Engilbertsson, lektor við HA
 Klappland-Appland
Ármann Halldórsson, kennari í Verzlunarskóla Íslands
- 1.4** **Innleiðing spjaldtölva eða umpólun kennsluhátta?**
Björn Gunnlaugsson, sérfræðingur, og Ragnheiður Hermannsdóttir, deildarstjóri grunnskóladeildar
 Ég vona að skólinn fari að innleiða meiri tækni
Hermína Gunnþórsdóttir, lektor við HA
- 1.5** **Google Classroom**
Kristín B. Jónsdóttir og Margrét Th. Aðalgeirsdóttir, kennarar í Oddeyrarskóla
 Wiki í skólastarfi
Eygló Björnsdóttir, dósent við HA
- 1.6** **Frá miðaldahandritum til tilraunaverkefni í máltækni (smiðja)**
Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum
 Handritin heima
Soffía Guðný Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri
 ÍSLEX
Halldóra Jónsdóttir, verkefnisstjóri, og Þórdís Úlfarsdóttir, ritstjóri Islex.is
- 1.7** **Námið, kennslan og tæknin: Menntaskólinn á Tröllaskaga (smiðja)**
Lára Stefánsdóttir, skólameistari
 Örkynningar
Kennarar í Menntaskólanum á Tröllaskaga

Sælgætispokinn.

Tryggvi Hrólfsson, kennari

Quizlet

Birgitta Sigurðardóttir, kennari

Kl. 12.10

Matur

Kl. 12.50

Að nota rafræna kennsluhætti. Hversu snjallt er það?

Helena Sigurðardóttir og Margrét Þóra Einarsdóttir, kennarar í Brekkuskóla á Akureyri

Kl. 13.30

Málstofulota II

2.1

Leikskólinn Krógaból (smiðja)

Osmó í leikskóla

Íris Hrönn Kristinsdóttir, sérkennslustjóri, og Una Kristjana Jónatansdóttir, kennari

Puppet Pals í leikskólastarfi

Ólöf Kristjana Daðadóttir og Björk Vilhelmsdóttir, kennarar

Bókaormar – læsi í leikskóla

Líney Elíasdóttir, deildarstjóri, og Lilja Valdimarsdóttir, kennari

2.2

Lesskilningur án bóka. Breyttir kennsluhættir í Kópavogi (smiðja)

Eyþór Bjarki Sigurbjörnsson, Kristín Björk Gunnardóttir og Sigurður Haukur Gíslason, kennsluráðgjafar

2.3

Spjaldtölvur í skólastarfi – áætlun um innleiðingu

Unnur Ósk Unnsteinsdóttir, kennari í Vopnafjarðarskóla, og Guðmundur Engilbertsson, lektor við HA

Spjaldtölvur í tónmennt

Alexandra Chernyshova, kennari í Heiðarskóla

2.4

Talgervlar til aðstoðar nemendum með lestrarörðugleika

Hildur Rudolfsdóttir, kennsluráðgjafi, og Guðný Þóra Friðriksdóttir, deildarstjóri námsvers

Innleiðing augnstýribúnaðar í skólastarf Klettaskóla

Hanna Rún Eiríksdóttir, kennari í Klettaskóla

2.5

Tækninýjungar við HA

Gunnar Ingi Ómarsson, verkefnastjóri, og Óskar Þór Vilhjálmsson, tæknimaður

Vendikennsla á háskólastigi

Ásta M. Ásmundsdóttir, aðjúntkt við HA

2.6

Frá miðaldahandritum til tilraunaverkefnis í máltækni (smiðja frh.)

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Beygingarlýsing íslensks nútímamáls (BÍN)

Kristín Bjarnadóttir, rannsóknarlektor

N-stæðuskoðari

Steinþór Steingrímsson, verkefnisstjóri

2.7

Námið, kennslan og tæknin: Menntaskólinn á Tröllaskaga (smiðja frh.)

Menntaskólinn á Tröllaskaga

Vendikennsla

Inga Eiríksdóttir, kennari

Samfélagsmiðlar

Ida Semey, kennari

Útivist í snjó

Lísbet Hauksdóttir, kennari

Kl. 14.30

Kaffi

Kl. 14.45

Málstofulota III

3.1 Börn setja saman eigin bækur

Steinunn Anna Gunnlaugsdóttir, framkvæmdastjóri Locatify

3.2 Ratleikir og póstaleikir fyrir síma og önnur snjalltæki

Salvör Gissurardóttir, lektor við HÍ

3.3 Hefðbundið nám og spjaldtölvan

Ásta Kristjana Guðjónsdóttir, kennari í Bláskógaskóla

3.4 Með tæknina í lófanum. Hvernig má rannsaka áhrif spjaldtölvuvæðingar á frammistöðu nemenda í námi?

Erla Hrönn Júlíusdóttir, meistaranemi við HA, og Þorlákur Axel Jónsson, aðjúntkt við HA

3.5 Nýting miðla og upplýsinga í námi og kennslu

Guðmundur Engilbertsson, lektor við HA

3.6 Netnotkun. Nýtt verkefni fyrir fjölskyldur

Ólína Freysteinsdóttir, verkefnastjóri við RHA, Halldór Guðmundsson, lektor HÍ, og Kjartan Ólafsson, lektor við HA

3.7 Mix í MA

Anna Eyfjörð Eiríksdóttir og Linda Sólveig Magnúsdóttir, kennarar í Menntaskólanum á Akureyri

Kl. 15.15

Veldisvaxandi tæknibreytingar og þekkingarþarfir kennara: Hvað þurfa kennarar að kunna og hvernig læra þeir það?

Tryggvi Thayer, verkefnisstjóri Menntamiðju Menntavísindasviðs HÍ

Kl. 16.00

Ráðstefnuslit

Birna María Brattberg Svanbjörnsdóttir, forstöðumaður MSHA

Ráðstefnustjóri

Bergþóra Þórhallsdóttir, sérfræðingur við Skóladeild Akureyrarbæjar

Yfirlit málstofa

| Málstofulota I kl. 11.10–12.10 (miðað er við 30 mínútur á hvert erindi og 60 mínútur á smiðu) | | | | | | |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| M201 | M 202 | M 203 | L 201 | L 202 | L 203 | N102 |
| 1.1 | 1.2 | 1.3 | 1.4 | 1.5 | 1.6 | 1.7 |
| <p>Tölvur og snjalltækni í leikskólastarfi. Má læra af fortíðinni? Anna Elísa Hreiðarsdóttir</p> <p>Ljósmyndun í leikskólum Egill Óskarsson</p> | <p>Upplýsingatækni hjá SFS Þorbjörg St. Þorsteinsdóttir</p> <p>SAFT smiðja Sólveig Karlsdóttir</p> | <p>Viðhorf nemenda til rafræns námsumhverfis Aðalheiður Hanna Björnsdóttir og Guðmundur Engilbertsson</p> <p>Klappland-Appland Ármann Halldórsson</p> | <p>Innleiðing spjaldtölva eða umpólun kennsluhátta? Björn Gunnlaugsson og Ragnheiður Hermannsdóttir</p> <p>Ég vona að skólinn fari að innleiða meiri tækni Hermína Gunnþórsdóttir</p> | <p>Google Classroom Kristín B. Jónsdóttir og Margrét Th. Aðalgeirsdóttir</p> <p>Wiki í skólastarfi Eygló Björnsdóttir</p> | <p>Frá miðaldahandritum til tilraunaverkefnis í máltækni Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum</p> <p>Handritin heima Soffía Guðný Guðmundsdóttir</p> <p>ÍSLEX Halldóra Jónsdóttir og Þórdís Úlfarsdóttir (smiðja)</p> | <p>Námið kennslan og tækni Menntaskólinn á Tröllaskaga Lára Stefánsdóttir</p> <p>Örkynningar Kennarar í Menntaskólanum á Tröllaskaga</p> <p>Sælgætispokinn Tryggvi Hrólfsson</p> <p>Quizlet Birgitta Sigurðardóttir (smiðja)</p> |
| Málstofulota II kl. 13.30–14.30 (miðað er við 30 mínútur á hvert erindi og 60 mínútur á smiðu) | | | | | | |
| 2.1 | 2.2 | 2.3 | 2.4 | 2.5 | 2.6 | 2.7 |
| <p>Osmó Íris Hrönn Kristinsdóttir og Anna R. Árnadóttir</p> <p>Puppet Pals Ólía Daðadóttir, Anna Gunnbjörnsdóttir, Sigurveig Petra Björnsdóttir og Hildur Sif Sigurjónsdóttir</p> <p>Bókaormar Lilja Valdimarsdóttir, Una Jónatansdóttir og Björk Vilhelmsdóttir (smiðja)</p> | <p>Lesskilningur án bóka (breyttir kennsluhættir í Kópavogi) Eyþór Bjarki Sigurbjörnsson, Kristín Björk Gunnardóttir og Sigurður Haukur Gíslason (smiðja)</p> | <p>Spjaldtölvur í skólastarfi - áætlun um innleiðingu Unnur Ósk Unnsteinsdóttir og Guðmundur Engilbertsson</p> <p>Spjaldtölvur í tónmennt Alexandra Chemyshova Heiðarskóli</p> | <p>Talgervlar til aðstoðar nemendum með lestraröðugleika Hildur Rudolfsdóttir og Guðný Þóra Friðriksdóttir</p> <p>Innleiðing augnstýribúnaðar í skólastarf Klettaskóla Hanna Rún Eiríksdóttir</p> | <p>Tækninýjungar við HA Auðbjörg Björnsdóttir og Helgi Freyr Halþórsson</p> <p>Vendikennsla á háskólastigi Ásta M. Ásmundsdóttir og Auðbjörg Björnsdóttir</p> | <p>Frá miðaldahandritum til tilraunaverkefnis í máltækni Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum</p> <p>Beygingarlýsing íslensks nútímamáls (BIN) Kristín Bjarnadóttir</p> <p>N-stæðuskoðari Steinþór Steingrímsson (smiðja frh.)</p> | <p>Námið kennslan og tækni Menntaskólinn á Tröllaskaga</p> <p>Vendikennsla. Inga Eiríksdóttir</p> <p>Samfélagsmiðlar Ída Semey</p> <p>Útivist í snjó Lísbet Hauksdóttir (smiðja frh.)</p> |
| Málstofulota III kl. 14.45–15.15 (30 mínútur) | | | | | | |
| 3.1 | 3.2 | 3.3 | 3.4 | 3.5 | 3.6 | 3.7 |
| <p>Börn setja saman eigin bækur og ratleiki Steinunn Anna Gunnlaugsdóttir</p> | <p>Ratleikir og póstaðleikir fyrir síma og önnur snjalltæki Salvör Gissurardóttir</p> | <p>Hefubundið nám og spjaldtölvun Ásta Kristjana Guðjónsdóttir</p> | <p>Með tæknina í lófanum: Hvernig má rannsaka áhrif spjaldtölvuvæðingar á frammistöðu nemenda í námi? Erla Hrönn Júlíusdóttir og Þorlákur Axel Jónsson</p> | <p>Nýting miðla og upplýsinga í kennaranámi Guðmundur Engilbertsson</p> | <p>Netávani: Nýtt verkefni fyrir fjölskyldur Ólína Freysteinsdóttir, Halldór Guðmundsson og Kjartan Ólafsson</p> | <p>Mix í MA Anna Eyfjörð Eiríksdóttir og Linda Sólveig Magnúsdóttir</p> |

Aðalerindi

Undir oki upplýsinga(r)

Kjartan Ólafsson lektor og formaður félagsvísindadeildar Háskólans á Akureyri
(kjartan@unak.is)

Draumsýn þeirra sem lögðu grunninn að því sem nú til dags er oft kallað internetið var í sinni einföldustu mynd sú að búa til verkfæri sem gerði fólki kleyft að vinna saman og nálgast upplýsingar. Með hverju árinu sem líður má segja að menn hafi færst sífelld nær því marki. Hins vegar má jafnframt spyrja hvort draumsýnin um að vita meira og tengjast fleirum hafi í raun leitt af sér hið gagnstæða. Sú umræða sem á sér stað víða í heiminum um stöðu upplýsingatækninnar innan skólakerfisins endurspeglar margar af þeim lykilsurningum sem uppi eru í samfélaginu um eðli hinnar ‚nýju‘ tækni og þau áhrif sem hún kann að hafa á samfélagið til lengri tíma. Þær samfélagsbreytingar sem orðið hafa með tilkomu internetsins og þeirra fjölbreytilegu tækja sem nota má til að tengjast netinu eiga sér ýmsar hliðstæður í sögunni og meðal annars því tímabili sem kallað hefur verið ‚upplýsingin‘ eða upplýsingaöldin. Spyrja má hvort samfélagsþróun okkar tíma muni á endanum leiða af sér jafn djúpstæðar breytingar og urðu með upplýsingunni eða hvort við á endanum týnum hvert öðru í óráviddum internetsins. Þessar spurningar og fleiri verða ræddar í ljósi rannsókna sem gerðar hafa verið undanfarin ár um netnotkun barna og kenninga sem þróaðar hafa verið á þeim grunni.



Kjartan Ólafsson er félagsfræðingur og deildarformaður félagsvísindadeildar Háskólans á Akureyri. Hann hefur í meira en 20 ár stundað rannsóknir sem tengjast högum og líðan ungs fólks með ýmsum hætti. Frá árinu 2006 hefur hann einkum unnið að rannsóknum á netnotkun barna í Evrópu og ritað meira en 50 greinar, bókarkafli og skýrslur um það efni.

Að nota rafræna kennsluhætti. Hversu snjallt er það?

Helena Sigurðardóttir (helenas@akmennt.is) og Margrét Þóra Einarsdóttir (m@islandia.is)
grunnskólakennarar í Brekkuskóla á Akureyri

Töluvert hefur verið fjallað um tæknivæðingu í skólastarfi undanfarin ár þar sem sjónum hefur verið beint að tækninni sjálfri, tækjabúnaði og framkvæmd. Minna hefur verið fjallað um það hvernig kennarar fari að því að aðlaga tæknina að sínum kennsluháttum og hvað nemendum finnst um að nýta möguleika tækninnar til náms. Í erindinu munu Helena Sigurðardóttir og Margrét Þóra Einarsdóttir segja frá reynslu sinni en þær hafa undanfarin fjögur ár haft það að markmiði að fjölga rafrænum viðfangsefnum í námi nemenda sinna. Þær munu fjalla um áhrif tæknivæðingar á nám og segja frá þeim þáttum sem hafa reynst þeim vel með dæmum úr skólastofunni. Þær munu einnig fjalla um þær hindranir sem kennarar geta mætt við innleiðingu rafrænna kennsluhátta. Í erindinu verður einnig fjallað um hvernig nemendur vilja nýta tækni til þess að ná góðum námsárangri og hvernig tækni getur aukið sjálfstæði bráðgerra nemenda sem og nemenda með sértæka námsörðugleika.



Helena Sigurðardóttir og Margrét Þóra Einarsdóttir hafa kennt í grunnskólum á Íslandi og Norðurlöndunum sem umsjóna-, faggreina-, og sérkennarar. Undanfarin ár hafa þær kennt á mið- og unglíngastigi í Brekkuskóla og stýrt Nordplus þróunarverkefni sem tvinnar saman alþjóðasamvinnu og rafræna kennsluhætti.

Með Helenu og Margréti Þóru verða fjórir nemendur þau Arndís Eva Erlingsdóttir, Egill Andrason, Katrín Hólmgrímsdóttir og Kristján Sigurðsson.

Veldisvaxandi tæknibreytingar og þekkingarþarfir kennara: Hvað þurfa kennarar að kunna og hvernig læra þeir það?

Tryggvi Thayer, verkefnisstjóri Menntamiðju Menntavísindasviðs HÍ
(tbt@hi.is)

Í erindinu er fjallað um áhrif sífellt örari tækniþróunar á skólastarf og hvernig kennarar tileinkar sér nýja tækni til notkunar í námi og kennslu. Lýst er hvernig *reaktív* og *próaktív* sýn á tengsl tækni og skólastarfs mótar afstöðu til tækni. Þá verða reifaðar kenningar um *hlutvirkja* (e. *affordances*) upplýsingatækni í skólastarfi og þá sérstaklega í tengslum við tækni framtíðarinnar. Þessar hugmyndir eru settar í samhengi við starfsþróunarþarfir kennara og kosti samfélagsmiðla í því sambandi og, að lokum, fjallað um reynslu af Samspili 2015, UT-átaki Menntamiðju og UT-torgs.



Tryggvi Thayer er framtíðarfræðingur, doktorskandídat í samanburðarmenntunarfræðum við Háskólann í Minnesóta og starfar sem verkefnisstjóri Menntamiðju á Menntavísindasviði HÍ. Síðastliðin 20 ár hefur hann stýrt og komið að fjölda verkefna tengd menntamálum á Íslandi og erlendis. Rannsóknir hans snúast um framtíð menntunar með tilliti til tækniþróunar og þá sérstaklega hvernig framtíðarfræði nýtast í stefnumótun. Hann hefur ritað fjölda greina og skýrslna um framtíð tækni og menntunar sem hafa birst í fræðilegum ritum og á vefsíðum hans: Education4site (<http://www.education4site.org>) og Upplýsandi tæki (<http://tryggvi.blog.is>).

Ágrip af málstofuerindum

Í fyrri tveimur málstofulotunum samanstendur hver málstofa af tveimur 30 mínútna erindum ásamt umræðum eða 60 mínútna smiðjum. Í síðustu málstofulotunni er eitt 30 mínútna erindi í hverri málstofu.

Málstofa 1.1 – stofa M201

Tölvur og snjalltækni í leikskólastarfi. Má læra af fortíðinni?

Anna Elísa Hreiðarsdóttir, lektor við HA (annaelisa@unak.is)

Snjalltækni er hluti af daglegu lífi fólks og sífellt yngri börn hafa greiðari aðgang að tækninni nú en nokkru sinni fyrr. Skólar hafa í auknum mæli væðst nýrri tækni og sjónarmið á gagnsemi, nú eða skaðsemi tækninnar eru bæði sterk og margskonar. Sitt sýnist hverjum og niðurstöður rannsókna sýna bæði jákvæða möguleika og hindranir. Í málstofunni er farið yfir rannsóknir á Íslandi á tölvu og tækni í leikskólastarfi (e. literature review) og niðurstöður þeirra og viðfangsefni fléttaðar saman við þróun tækni sem kennslutækis í leikskólum. Gripið er niður í sögu tölvuvæðingu leikskóla, hina fyrri, á tíunda áratugnum með það fyrir augum að skoða áherslur, álitamál og viðfangsefni, meðal annars í stefnumótun, opinberri umræðu og reynslusögum kennara. Niðurstöður eru notaðar til að varpa ljósi á það sem má læra af tölvuvæðingu leikskóla á sínum tíma og hvað má taka með sér inn í snjalltæknivæðingu leikskóla sem á sér stað um þessar mundir

Ljósmyndun í leikskólum

Egill Óskarsson, kennari í Leikskólanum Fögrubrekku (egillo@kopavogur.is)

Í málstofunni verður fjallað um ljósmyndun í leikskólum og hvernig hún nýtist leikskólakennurum í starfi. Efnið byggist á lokaverkefni mínu í leikskólakennaranámi við Háskólann á Akureyri. Fjallað verður um kosti þess að nota ljósmyndun í leikskólastarfi auk þess að fara yfir hagnýta þætti í ljósmyndun og birtingu mynda á vefsíðum og öðrum miðlum. Ljósmyndun er öflugt tæki í leikskólastarfi. Ljósmyndun nýtist vel þegar kemur að því að gera starf leikskóla sýnilegt út á við, eins og t.d. í foreldrasamstarfi og er ekki síður mikilvæg leikskólakennurum sjálfum við ígrundun á eigin starfi. Ljósmyndir geta sagt okkur mikið um hvað fer fram í starfinu, hvernig börnin beita sér og hvernig þeim líður í leikskólanum og þær segja okkur einnig mikið um þann sem heldur á myndavélinni og velur myndir til birtingar. Hvernig kemur stefna leikskólans fram í myndum sem birtar eru? Hvaða viðhorf ljósmyndara til starfsins og barna koma fram? eru einhver börn sem birtast á öllum myndum og önnur sem birtast sjaldan – og þá af hverju? Þessum spurningum og fleirum verður velt upp í erindinu.

Málstofa 1.2 – stofa M202

Upplýsingatækni hjá SFS

Þorbjörg St. Þorsteinsdóttir, verkefnastjóri (thorbjorgst@reykjavik.is),

Í erindinu verður greint frá stöðu upplýsingatækni í starfi skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur (SFS). Sagt verður frá aðild skóla- og frístundasviðs (SFS) að verkefninu SAMSPIL 2015, átaksverkefni MenntaMiðju í símenntun skólafólks í upplýsingatækni og fjallað verður um fleiri verkefni er styðja við notkun tækni í námi og kennslu. Sérstaklega verður greint frá stofnun nets UT-tengiliða sem tveir fulltrúar frá hverjum grunnskóla borgarinnar taka þátt í. Í því samhengi veður staðbundin fræðsla, hverfafundir, menntabúðir, samskipti á neti, aðgengi að upplýsingum og samlegð sem skapast hefur í samstarfi UT-tengiliða til umfjöllunar. Niðurstöður kannana sem unnar voru á vormisseri 2015 og varpa ljósi á þjónustu, notkun og óskir um símenntun í upplýsingatækni verða reifaðar. Út frá niðurstöðum úr mati, áherslum starfshópa, fjölbreyttu samráði, samstarfi tengiliða og reynslu af símenntunarverkefnum verður horft til framtíðar og sjónum beint að verkefnum næstu missera.

SAFT-smiðja

Sólveig Karlsdóttir, verkefnastjóri hjá Heimili og skóla og SAFT
(solveig@heimiliosskoli.is)

Í málstofunni verður farið yfir netnotkun barna og ungmenna út frá niðurstöðum SAFT rannsókna. Fjallað um helstu samfélagsmiðla og fjallað um neteinelti, myndbirtingar og ofnotkun svo fátt eitt sé nefnt. Einnig verður farið yfir snjalltækjanotkun í skólum og hvað er gott að hafa í huga fyrir skóla og kennara þegar kemur að notkun eigin snjalltækja í skólanum. Þá verður farið yfir það námsefni sem SAFT hefur að bjóða og kennarar geta nýtt í sinni kennslu.

Málstofa 1.3 – stofa M203

Viðhorf nemenda til rafræns námsumhverfis

Aðalheiður Hanna Björnsdóttir, kennari í Akurskóla (hanna.bjornsgmail.com) og Guðmundur Engilbertsson, lektor við HA (ge@unak.is)

Rafrænt námsumhverfi sem nær m.a. til þátta eins og notkunar spjaldtölva, rafráða og vendikennslumyndbanda felur í sér nokkrar breytingar í námi og kennslu. Áhugavert er skoða hvaða áhrif slík breyting hefur á nám og viðhorf nemenda til náms. Rannsókn á viðhorfum nemenda til rafræns námsumhverfis í stærðfræði var gerð á vormánuðum 2015, nemendur voru á unglíngastigi í grunnskóla. Rannsóknin byggði á eigindlegri aðferð í formi rýnihópaviðtala við alls 19 nemendur, notaðar voru opnar og hálfopnar spurningar. Viðtalsramminn byggðist á því að fá sem skýrasta mynd af viðhorfum nemenda til rafræns námsumhverfis í stærðfræði, þar sem notast var við spjaldtölvur, gagnvirkar rafrænar og vendikennslu. Niðurstöður úr rýnihópaviðtölunum sýndu að nemendum þykir rafrænt námsumhverfi eftirsóknarvert, betra og þægilegra á flestum sviðum en hefðbundið

námsumhverfi. Nemendur sögðu að það auðveldaði heimanám, undirbúning fyrir próf, aðgengi að námsefni og öðrum gögnum sem og létti skólatöskur svo um munaði. Niðurstöður benda til þess að sé vandað til verks þá geti rafrænt námsumhverfi aukið sjálfstæði nemenda. Enn fremur benda niðurstöður til þess að vendikennsla sé árangursrík kennsluaðferð sem opni nemendum nýjar aðferðir til náms og að notkun spjaldtölvu geti auðgað námið enn frekar um leið og það opnar nýja möguleika. Í erindinu verður gerð grein fyrir niðurstöðum rannsóknarinnar.

Klappland-Appland

Árman Halldórsson, kennari í Verzlunarskóla Íslands (armann.halldorsson@gmail.com)

Í erindinu verður sagt frá þróun á hlutverka- og spunaleiknum Klappland, þar sem nemendur á unglíngastigi líkja eftir myndun stjórnmalaflokka, kosningum og stjórnarmyndun í ímynduðu landi. Leikurinn var upprunalega þróaður sem hlutverkaleikur þar sem notast var við blöð og skriffæri, en er nú að líta dagsins ljós sem app í samvinnu við Gebo Kano. Leikurinn fer fram annars vegar í i-pad nemenda og hins vegar í samskiptum þeirra. Þróun appsins er langt komin. Samkomulag hefur náðst um spilaprufur í grunnskóla í Kópavogi í samráði við i-pad verkefnið þar. Í erindinu verður leikurinn, leikfræðilegar og kennslufræðilegar forsendur hans kynntur, kostirnir sem fylgja því að rafvæða hann og frumniðurstöður úr prufum ræddar. Viðstöddum mun gefast tækifæri til að skoða og prófa verkfærið, eftir því sem aðstæður leyfa.

Málstofa 1.4 – stofa L201

Innleiðing spjaldtölva eða umpólun kennsluhátta?

Björn Gunnlaugsson, sérfræðingur (bjorn@kopavogur.is) og Ragnheiður Hermannsdóttir, deildarstjóri grunnskóladeildar (ragnheidur@kopavogur.is)

Innleiðing spjaldtölva í grunnskólum Kópavogs er ekki fyrsta verkefni sinnar tegundar á Íslandi en tvímælalaust það víðamesta. Rúmlega 3000 nemendur og 500 starfsmenn fá afhentar iPad spjaldtölvur á þessu skólaári og því næsta. Í málstofunni verður farið yfir kennslufræðileg markmið, aðdraganda og undirbúning verkefnisins og helstu vörður fyrsta ársins. Mikil áhersla hefur verið lögð á starfsþróun kennara og stjórnenda, fjölmörg námskeið hafa verið haldin auk þess sem ráðnir voru þrjú kennsluráðgjafar í upplýsingatækni í fullt starf til að styðja við innleiðinguna. Yfirmarkmið spjaldtölvuinleiðingarinnar er að bæta nám og kennslu í Kópavogi þannig að árangur verði áfram í fremstu röð en áherslur breytist í takt við nýja tíma. Lagt er upp með að námsverkefni verði fjölbreyttari, með aukinni áherslu á sköpun og nýsköpun. Einnig er stefnt að aukinni einstaklingsmiðun náms og valdeflingu nemenda. Ætlunin er að notkun spjaldtölvanna styðji við markmið skóla án aðgreiningar og nýrrar aðalnámskrár, auk þess sem þær muni efla 21. aldar færni nemenda og búa þá undir þátttöku á vinnumarkaði sem taka mun talsverðum breytingum á næstu árum og áratugum.

Ég vona að skólinn fari að innleiða meiri tækni

Hermína Gunnþórsdóttir, lektor við HA (hermina@unak.is)

Í erindinu verður fjallað um nemendur sem íslenskt skólakerfi virðist eiga erfitt með að koma til móts við, að mati mæðra þeirra. Tekin voru hálfopin viðtöl árið 2015 við ellefu mæður tólf nemenda í 5.–7. bekk sem þurfa mikinn stuðning til náms að mati mæðranna um upplifun og reynslu þeirra af því að styðja börn sín í námi. Börnin, ellefu drengir og ein stúlka, hafa ólíkar ástæður fyrir stuðningi til náms, þ.e. vegna dyslexiu, dyscalculiu, ADHD, kvíða og einhverfu. Fjallað verður um niðurstöður sem lúta að skorti á notkun tölvutækninnar í námi þessara barna, að mati mæðra þeirra, og þeirri ólíku sýn sem þær og skólinn hafa á hvernig koma mætti betur til móts við þau með notkun tölvu og tækni. Þetta eru t.d. atriði eins og áhersla á handskrifuð verkefnaskil í stað rafrænna skila; munnleg skil í stað skriflegra; togstreita um tölvuna sem námstæki eða leiktæki; notkun kennsluáðferða þar sem námsbækur stjórna ferðinni en ekki þarfir nemandans. Fjallað verður um þessar niðurstöður í samhengi við breytingar á skólastarfi og fagmennsku kennara.

Málstofa 1.5 – stofa L202

Google Classroom

Kristín B. Jónsdóttir, grunnskólakennari (stina@oddeyrarskoli.is) og Margrét Th. Aðalgeirsdóttir, grunnskólakennari (maggath@akmennt.is)

Google umhverfið hefur upp á marga skemmtilega möguleika að bjóða. Einn af þeim er Google Classroom. Classroom er viðbót sem heldur utan um verkefni og námsmat kennara og nemenda. Viðmótið er einfalt og þægilegt í notkun. Í Google Classroom er leikur einn að: leggja fyrir verkefni varpa fram spurningum til hópa til að auka á samræðu um ákveðin efni/málefni. Fylgjast með nemendum meðan á verkefnavinnu stendur, leiðbeina nemendum í verkefnavinnu, halda utan um námsmat, bæði með sóknarkvörðum eða tölum, halda utan um dagskipulag nemenda (bæði innan Classroom og sameina með Google Calendar). Google Classroom styður við skipulagið með því að: halda utan um og flokka alla verkefnavinnu í möppur, merkja skjöl nemenda sjálfkrafa með nafni og verkefnaheiti, senda tilkynningar/tölvupóst til nemenda þegar verkefni eru lögð fyrir og námsmat fer fram eða kennari/samnemandi skrifar athugasemd við verkefni.

Wiki í skólastarfi

Eygló Björnsdóttir, dósent við HA (eyglob@unak.is)

Í aðalnámskrá grunnskóla er lögð mikil áhersla á samskipti og samvinnu nemenda. Bent er á að þeir þurfi að læra á og vinna með örugg tæki og forrit þar sem þau geti kynnt og skilað viðfangsefnum sínum. Einnig þurfi þeir að „fá þjálfun í að nýta miðlana á ábyrgan hátt og læra að umgangast skrif og sköpun annarra og sín eigin af virðingu og fara eftir settum reglum“. Wiki er samfélagsmiðill á Internetinu og byggir á þeirri hugmyndafræði að allir þátttakendur geti lagt inn efni, bætt við það og breytt. Innbyggt er í miðilinn að hægt er að eiga samræður um efnið. Með notkun þess í skólastarfi gefst nemendum kostur á að sinna skapandi

viðfangsefnum sem þeir miðla á netinu og eiga um þau samskipti við samnemendur og kennara. Slík vinnubrögð eru í anda hugsmíðahyggjunnar sem hefur það að leiðarljósi að nemendur taki þátt í að móta námsumhverfið og að nám fari fram í félagslegu samhengi og í samvinnu við aðra. Í erindinu verður Wiki og virkni þess skoðuð og kynntar verða hugmyndir um hvernig nýta má það í skólastarfi.

Málstofa 1.6 – stofa L203

Frá miðaldahandritum til tilraunaverkefnis í máltækni

(smiðja og frh. í málstofulotu II)

Kynning á verkefnum Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er stundaðar rannsóknir á íslensku máli og bókmenntum og rannsóknarsviðið er mjög fjölbreytilegt. Vefsíða stofnunarinnar er uppspretta ýmiss konar efnis sem nýta má í skólakerfinu (<http://www.arnastofnun.is/>).

Handritin heima

Soffía Guðný Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri

(soffia.gudny.gudmundsdottir@arnastofnun.is)

Fræðsluvefurinn **Handritin heima** fjallar um íslensk miðaldahandrit og þann vitnisburð sem þau hafa að geyma um fornt handverk, fræðastarf og sagnaarf, myndlistarsögu, menningarástand og hugðarefni fólks frá fyrri öldum. Á vefnum er kennsluefni með leiðbeiningum og verkefnum sem tilvalið er í þemavinnu og auðvelt að tengja við ýmsar námsgreinar, s.s. samfélagsgreinar og listgreinar.

ÍSLEX

Halldóra Jónsdóttir, verkefnisstjóri (halldora.jonsdottir@arnastofnun.is)

og Þórdís Úlfarsdóttir, ritstjóri Islex.is (thordis.ulfarsdottir@arnastofnun.is)

ÍSLEX er margmála orðabók á vefnum þar sem viðfangsmálið er íslenska en markmálin danska, sænska, norskt bókmál, nýnorska og færeyska. Mikill fjöldi dæma er í ÍSLEX, bæði um einstök orð og orðasambönd og myndir eru notaðar til skýringa þar sem það á við. Fjallað verður um sérstöðu ÍSLEX sem orðabókar og sagt frá nýrri notendakönnun.

Munið framhald smiðju í málstofulotu II

Málstofa 1.7 – stofa N102

Námið, kennslan og tæknin: Menntaskólinn á Tröllaskaga

(smiðja og frh. í málstofulotu II)

Lára Stefánsdóttir, skólameistari (lara@mtr.is)

Grunngildi skólans eru frumkvæði, sköpun og áræði. Í smiðjunni verður farið stuttlega yfir hvers vegna og hvernig skólastarfið er skipulagt í samræmi við grunngildin. Allir nemendur eru með fartölvur og síma, kennarar með fartölvur, iPad og síma. Á sama tíma er útvíst og íþróttum gert hátt undir höfði. Rennt yfir hugmyndafræðina að skipulagi sem byggir m.a. á rannsóknum á nemendum og kennurum í MA. Blandaðir námshópar í stað- og fjarnámi.

Örkynningar

Kennarar í Menntaskólanum á Tröllaskaga

Sælgætispokinn

Fjölbreyttur hugbúnaður í námi og kennslu

Tryggvi Hrólffsson, kennari (tryggvi@mtr.is)

QuizLet

Staðreyndasett

Birgitta Sigurðardóttir, kennari (birgitta@mtr.is)

Munið framhald smiðju í málstofulotu II

Málstofa 2.1 – stofa M201

Leikskólinn Krógaból

(smiðja)

(krogabol@akureyri.is)

OSMO

Íris Hrönn Kristinsdóttir, sérkennslustjóri (irishronn@akmennt.is) og Anna R. Árnadóttir, leikskólastjóri (annar@akmennt.is)

OSMO er margverðlaunað leikja- og kennslutæki fyrir Ipad. Það sem gerir OSMO leikina sérstaka er að í þeim er leikið með ápreifanlega hluti, hægt er að handleika púslkubba, tölu- og bókstafi, skriffæri og fleira til að hafa áhrif á það sem gerist á skjánum. Í leikjunum er m.a. hægt að púsla saman myndum úr formum, vinna með stafi, orð og tölur, þjálfa fínhyfingar í gegnum teikningar og gera tilraunir. Í málstofunni gefst þátttakendum tækifæri til að prófa leikina og skoða hvernig unnið er með OSMO og bækur í leikskólanum Krógabóli.

Puppet Pals

Ólöf Daðadóttir, leikskólakennari (olofdada@akmennt.is), Anna Gunnbjörnsdóttir, deildarstjóri (annag@akmennt.is), Sigurveig Petra Björnsdóttir, leikskólakennari (sigurveigpetra@gmail.com) og Hildur Sif Sigurjónsdóttir, leikskólakennari (hildursif@akmennt.is)

Hægt að fá að prófa Puppet Pals HD og Puppet Pals II og fá leiðsögn frá kennurum.

Bókaormar, sögur og ævintýri í Puppet Pals

Lilja Valdimarsdóttir, leikskólakennari (liva@akmennt.is), Una Jónatansdóttir, grunnskólakennari (unakr@akmennt.is) og Björk Vilhelmsdóttir, leikskólakennari (bjorkv@akmennt.is)

Puppet Pals HD og Puppet Pals II eru sniðug smáforrit sem hægt er að nota til að leika sér með málið, búa til sögur og leikrit. Í málstofunni verður sagt frá notkunar möguleikum appsins í skapandi starfi og málrækt í leikskóla. Með Puppet Pals er hægt að gæða teikningar og listsköpun barnanna lífi. Á Krógabóli hefur verið unnið með sögugerðina á fjölbreyttan hátt, börnin hafa samið og fullunnið sögur frá eigin brjósti, þau hafa unnið með ævintýri, sönglög og gert sögur út frá bókum. Í smiðjunni verður hægt að skoða verk barnanna, fá hugmyndir og kynna sér hvernig appið virkar.

Málstofa 2.2 – stofa M202

Lesskilningur án bóka. Breyttir kennsluhættir í Kópavogi (smiðja)

Eyþór Bjarki Sigurbjörnsson, (eythors@kopavogur.is), Kristín Björk Gunnardóttir, (kristinb@kopavogur.is) og Sigurður Haukur Gíslason, (sighauk@kopavogur.is)
kennsluráðgjafar

Í smiðjunni verður m.a. fjallað um hvernig hægt er að vinna með bókmenntir á lifandi og skapandi hátt. Þátttakendur vinna með gefinn texta og skapa persónulega stemmningu þar sem þeir túlka textann á sinn hátt, setja sig inn í aðstæður og endursegja frásögnina út frá eigin tilfinningum og skilningi. Þátttakendur vinna í iPöðum. Þeir sækja lesefnið í app sem heitir *Showbie*, sækja síðan myndir af netinu, taka ljósmyndir og skeyta þeim saman í appi sem heitir *Adobe Photoshop Mix*. Myndirnar nota þátttakendur síðan til að búa til myndband þar sem þeir endursegja frásögnina og gera að sinni. Þar nota þátttakendur app að nafni *Adobe Voice*. Ef tími gefst til sýna þátttakendur afrakstur vinnunnar í lok smiðjunnar. Markmiðið er að gefa tækifæri til að kynna öðrum leiðum til náms og tjáningar en þeim sem hafa verið nýttar fram að þessu. Með ofangreindum hætti gefst möguleiki á að virkja nemendur til dæmis til leiklistar, til framsagnar og þar af leiðandi skapandi vinnu um leið og þeir vinna með texta og lesskilning. Þess má líka geta að verkefnið krefst engra námsbóka, ekki eru unnið með glósubók, blýant eða annað sem tilheyrir venjulegri kennslustund. Nóg er að mæta með bros á vör og opinn hug. **Ekki er gerð krafa á að þátttakendur komi með iPad í smiðjuna.** Þátttakendur fá iPad og nýta hann til að leysa verkefnið. Smiðjan byggist því á samblandi af kennslufræði, kynningu á öppum og virkni þátttakenda.

Málstofa 2.3 – stofa M203

Spjaldtölvur í skólastarfi – áætlun um innleiðingu

Unnur Ósk Unnsteinsdóttir, kennari í Vopnafjarðarskóla, (unnurosk@vopnaskoli.is) og Guðmundur Engilbertsson, lektor við HA (ge@unak.is)

Þróun samfélagsins kallar á breytta kennsluhætti í skólum, eins og birtist í nýrri aðalnámskrá árið 2013 og Hvítbók menntamálaráðuneytis 2014. Þær kröfur eru gerðar til skóla að þeir undirbúi nemendur fyrir þátttöku í þjóðfélagi sem einkennist af hröðum breytingum og tækninýjungum. Í verkefninu „Spjaldtölvur í skólastarfi – áætlun um innleiðingu“ er gerð grein fyrir þessum nýju kröfum í menntun og hvernig koma megi til móts við þær með virkri skólaþróun og innleiðingu spjaldtölva í námi og kennslu. Fjallað er um notkun upplýsingatækni í skólum, upplýsinga- og miðlalæsi og notkun spjaldtölva í skólastarfi. Einnig er litið til skólaþróunar og þeirra þátta sem styðja við hana, svo sem innleiðingu lærdómssamfélags í skólastarf, starfsþróun kennara, virka forystu og skólamenningu. Markmiðið var að búa til hagnýta þróunaráætlun um innleiðingu spjaldtölva í kennslu með það fyrir augum að stuðla að öflugri skólaþróun sem styður við sköpun lærdómssamfélags innan skólans. Við gerð áætlunarinnar var höfð til hliðsjónar rannsóknarspurningin „Hvernig má efla nám og kennslu í grunnskóla með notkun spjaldtölva og styrkja um leið skólann sem lærdómssamfélag?“ Í niðurstöðum verkefnisins eru færð rök fyrir því að innleiðing á spjaldtölvum í kennslu hafi alla

burði til að auka gæði náms, sé vandlega staðið að innleiðingu og áframhaldandi þróun í lok hennar. Á málstofunni verður gerð grein fyrir verkefninu og einkum rætt um innleiðingarætlun þess.

Spjaldtölvur í tónmennt

Alexandra Chernyshova, kennari í Heiðarskóla (alexandra.chernyshova@hvalfjardarsveit.is)

Í erindinu verður deilt þekkingu og reynslu af notkun spjaldtölva í tónmennt. Kynnt verða skemmtileg og gagnleg tónlistaröpp sem Alexandra hefur notað í kennslutímum og einnig hvernig hún notar spjaldtölvu í skapandi verkefnum. Hún ætlar einnig að segja frá og sýna MakeyMakey og hvernig tækið nýtist til tónlistarsköpunar. Hér er linkur með verkefnum sem Alexandra hefur gert <http://youtu.be/EiU43heog14>

Málstofa 2.4 – stofa L201

Talgervlar til aðstoðar nemendum með lestrarörðugleika

Hildur Rudolfsdóttir, kennsluráðgjafi, (hildurr@gardaskoli.is) og Guðný Þóra Friðriksdóttir, deildarstjóri námsvers (gudny@gardaskoli.is)

Í Garðaskóla eru 15–20% nemenda með lestrarörðugleika af einhverju tagi. Stór hluti þeirra er með formlega lesblindugreiningu. Í flestum tilfellum er hlustunarskilningur þeirra betri en lesskilningur. Að geta hlustað á námsefnið og fá upplestur í prófum getur skipt sköpum. Í erindinu er kynnt það þróunarstarf sem átt hefur sér stað í Garðaskóla þar sem talgervlar og tækjabúnaður er nýttur t.d. til próftöku til að koma til móts við nemendur með lestrarörðugleika. Í þeim tilvikum eru hljóðskrár búnar til út frá texta prófsins með aðstoð hugbúnaðar og settar inn á MP3 spilara. Með þessu móti er stuðlað að sjálfstæði nemenda í prófaðstæðum. Nemandinn getur tekið prófið á sama tíma og í sömu stofu og aðrir nemendur og er ekki háður því að nota tölvu eða bundinn því að starfsmaður lesi prófið eins og áður var gert. Til þess að þetta gangi vel þurfa kennarar að vanda vel gerð verkefna og prófa. Liður í þróunarstarfinu er að byggja upp verkferla til að einfalda kennurum uppsetningu svo einfalt sé að keyra út hljóðskrár fyrir einstaka prófþætti. Þátttakendur í málstofunni munu fá tækifæri til að heyra og prófa mismunandi raddir tungumála, smáforrit og tækjabúnað (iPad, Android spjaldtölvur og fartölvur) sem getur nýtt talgervla.

Innleiðing augnstýribúnaðar í skólastarf Klettaskóla

Hanna Rún Eiríksdóttir, kennari í Klettaskóla (hanna.run.eiriksdottir@reykjavik.is)

Haustið 2014 fékk Klettaskóli augnstýribúnað til afnota til að kenna afmörkuðum hópi nemenda að nota augun til að leika og hafa tjáskipti. Það gaf góða raun og sýndu nemendur hæfni til þess að hafa tjáskipti með augunum. Nú eru fleiri nemendur í þjálfun við að nota þennan búnað. Nemendur á yngsta, miðstigi og unglíngastigi með fjölbreytta þroskahömlun eru í boðskiptatímum þar sem lögð er áhersla á að nota augun til tjáskipta. Mismunandi er hvernig þeim tekst að nota búnaðinn. Sumir nýta búnaðinn til afþreyingar en aðrir einnig til tjáskipta. Sagt verður frá fyrstu skrefunum, hvernig staðan er í dag og hvert við stefnum í

innleiðingu augnstýribúnaðar í Klettaskóla. Auk þess verða kynnt tjáskiptaforrit og leikir til að leika með augunum.

Málstofa 2.5 – stofa L202

Tækninýjungar við HA

Auðbjörg Björnsdóttir, forstöðumaður KHA, (audbjorg@unak.is) og Helgi Freyr Hafþórsson, verkefnastjóri margmiðlunar (helgifreyr@unak.is)

Kennslumiðstöð HA (KHA), var sett á laggirnar 1. janúar 2015. Hlutverk KHA er að veita kennurum faglega aðstoð við þróun kennsluhátta, hvort sem er í staðar- eða fjarnámi (sveigjanlegt nám). Ásamt því að stuðla að aukinni notkun tölvu- og upplýsingartækni í háskólanum og veita nemendum og starfsfólki aðstoð og ráðgjöf á því sviði. Starfsfólk KHA, munu skýra frá þeirri þróunarvinnu sem hefur átt sér stað í tæknimálum við HA síðan KHA var stofnað og hver stefnan er í þeim málum.

Vendikennsla á háskólastigi

Ásta M. Ásmundsdóttir, aðjúntk við HA, (astam@unak.is) og Auðbjörg Björnsdóttir, forstöðumaður KHA (audbjorg@unak.is)

Á málstofunni verður fjallað um þróunarnámskeið kennslumiðstöðvar HA, það eru námskeið sem fá sér þjónustu við að þróa áfram kennslu á háskólastigi. Fjallað verður sérstaklega um námskeið í efnafræði þar sem notast hefur verið við vendikennslu eða flipped classroom. Í vendikennslu er hefðbundinni kennslu snúið við og nemendur hlusta á fyrirlestra heima en vinna heimavinnu í skólanum. Sagt verður frá því helsta í tengslum við námskeiðið, kennari námskeiðs Ásta M. Ásmundsdóttir aðjúntk við auðlindadeild HA segir frá sinni reynslu af vendikennslu í efnafræði á háskólastigi sem hún hefur tileinkað sér síðastliðinn ár.

Málstofa 2.6 – stofa L203

Frá miðaldahandritum til tilraunaverkefnis í máltækni (smiðja frh.)

Kynning á verkefnum Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum Á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er stundaðar rannsóknir á íslensku máli og bókmenntum og rannsóknarsviðið er mjög fjölbreytilegt. Vefsíða stofnunarinnar er uppspretta ýmiss konar efnis sem nýta má í skólakerfinu (<http://www.arnastofnun.is/>).

Beygingarlýsing íslensks nútímamáls (BÍN)

Kristín Bjarnadóttir, rannsóknarlektor (kristinb@hi.is)

BÍN er safn beygingardæma sem upprunalega voru ætluð til nota í máltækniverkefni af ýmsu tagi en jafnframt eru þau birt á vefnum (bin.arnastofnun.is), ásamt ábendingum um notkun einstakra beygingarmynda ofan við sjálf beygingardæmin. Orðaforðinn er úr íslensku nútímamáli og alls eru beygingardæmin hátt í 300 þúsund. Fjallað verður um efnistöð í BÍN og notkun gagnanna í máltækni eftir því sem tíminn leyfir.

N-stæðuskoðari

Steinþór Steingrímsson, verkefnisstjóri (steinthor.steingrimsson@arnastofnun.is)

N-stæðuskoðarinn er tól til að skoða sögu orðnotkunar. Hann sýnir tíðni orða- og orðasambanda í textum á ákveðnum tímabilum, t.d. árum, og birtir niðurstöðurnar myndrænt svo auðvelt er að skoða breytingar, sveiflur og tísku í orðnotkun. Einnig má nota hann til að skoða hvenær ný orð koma fram og hvenær önnur orð falla úr notkun. Tólið verður sýnt, fjallað verður um nýtingarmöguleika þess, gögnin sem liggja undir og hugmyndir um frekari þróun.

Málstofa 2.7 – stofa N102

Námið, kennslan og tæknin: Menntaskólinn á Tröllaskaga

(smiðja frh.)

Lára Stefánsdóttir, skólameistari (lara@mtr.is)

Grunngildi skólans eru frumkvæði, sköpun og áræði. Í smiðjunni verður farið stuttlega yfir hvers vegna og hvernig skólastarfið er skipulagt í samræmi við grunngildin. Allir nemendur eru með fartölvur og síma, kennarar með fartölvur, iPad og síma. Á sama tíma er útivist og íþróttum gert hátt undir höfði. Rennt yfir hugmyndafræðina að skipulagi sem byggir m.a. á rannsóknum á nemendum og kennurum í MA. Blandaðir námshópar í stað- og fjarnámi.

Vendikennsla, Educreation, Lensoo

Inga Eiríksdóttir, kennari (inga@mtr.is)

Samfélagsmiðlar í námi

Ida Semey, kennari (ida@mtr.is)

Útivist í snjó

Lísbet Hauksdóttir, kennari (lisa@mtr.is)

Málstofa 3.1 – stofa M201

Nemendur búa til eigin bækur og ratleiki

Steinunn Anna Gunnlaugsdóttir, framkvæmdastjóri Locatify (steinunn@locatify.com)

Locatify hefur gefið út *Goldworm*, smáforrit með gagnvirkum bókum fyrir spjaldtölvur. Með forritinu fylgja tvær bækur á íslensku og fleiri málum. Bækurnar eru settar upp í vefumsjónarkerfi Locatify en þar stendur nemendum til boða að skrifa sínar eigin bækur og gefa þær út í smáforritinu. Forritið er fyrir Apple og Android spjaldtölvur. Locatify hefur hannað verkfærakistu, þar sem hægt er að búa til gagnvirkar bækur. Hverjum skóla er úthlutað sérstökum skólaaðgangi. Nemendur sjá einungis sínar bækur í vefkerfinu en kennarar hafa aðgang að verkefnum nemenda. Þegar nemandi gefur út sína bók verður hún sýnileg í bókahillu viðkomandi skóla. Með því að taka virkan þátt í að búa til efnið sjálf, setja inn eigin myndir, texta, hljóð, upplestur og skrifa spurningar sem passa efninu er verið að hvetja nemendur til að láta ljós sitt skína. Um leið og orðin eru lesin lýsast þau upp á skjánum, hægt er að hreyfa við myndum og heyra hljóð sem þeim tengjast, svara spurningum í leikjaformi og safna stigum. Einnig geta nemendur og kennarar búið til ratleiki í kerfi Locatify og gefið út í *Goldhunt* (eða *Turfhunt*), sem er GPS ratleikjaapp þar sem nemendur keppast við að leysa þrautir út á örkinni.

Málstofa 3.2 – stofa M202

Ratleikir og póstaleikir fyrir síma og önnur snjalltæki

Salvör Gissurardóttir, lektor við HÍ (salvor@hi.is)

Fjallað verður um leikjun náms (gamification of education) í umhverfi þar sem nemandinn er á ferð með snjalltæki og skoðuð verkfæri til að búa til ratleiki og póstaleiki sem nota snjalltæki og hvernig viðfangsefni og hvernig megi nota slíka verkfæri til að tengja nám við umhverfi og vettvangsferðir og færa út fyrir skólann s.s. í grasagarða, söfn og torg og almenningssvæði.

Nokkrar slóðir til skýringa:

<http://ghost.asta.bitnamiapp.com/seppo-leidbeiningar/>

<http://ghost.asta.bitnamiapp.com/seppo/>

<http://ghost.asta.bitnamiapp.com/gegnumgangandi-leikur/>

<http://salvor.is/?p=273>

Málstofa 3.3 – stofa M203

Hefðbundnir kennsluhættir og spjalddölvun

Ásta Kristjana Guðjónsdóttir, kennari í Bláskógaskóla (asta@blaskogaskoli.is)

Í erindinu verður sagt frá því hvernig höfundur notar spjalddölvur í kennslu og lánar nemendum, sem eru með greiningu t.d. um dyslexíu, spjalddölvur til þess að gera þá sjálfstæða og ábyrga í sínu námi. Sagt verður frá því hvernig nemendur vinna í námsbókum Námsgagnastofnunnar með appinu Foxit pdf og hvernig þeir nýta m.a. “predictive” lyklaborðið í tungumálakennslu. Sagt verður frá því hvernig kennari notar Onedrive til að koma efni, t.d. vikuáætlunum til nemenda og hvernig hann kennir þeim að geyma gögnin sín þar. Auk þess verður sagt frá því hvernig nemendur vinna hefðbundin vinnubókarverkefni í appinu Explain Everything sem gefur kost á fjölbreyttari skilum t.d. munnlegum, skriflegum og myndrænum og mun ég taka dæmi um það.

Þessi kynning hentar sérkennurum og kennurum sem kenna bóklegar greinar á mið- og elsta stigi.

Málstofa 3.4 – stofa L201

Með tæknina í lófanum: Hvernig má rannsaka áhrif spjalddölvuvæðingar á frammistöðu nemenda í námi?

Erla Hrönn Júlíusdóttir, meistaranemi við HA, (erlahr@mi.is) og Þorlákur Axel Jónsson, aðjúnkt við HA (thorlukur@unak.is)

Á síðustu árum hefur þeim grunnskólum fjölgað sem hafa tekið í notkun spjalddölvur með aðferðinni 1:1 sem merkir að hver nemandi hafi sína eigin tölvu til afnota. Krafa um aukna notkun upplýsingatækni kemur frá yfirvöldum menntamála og hún virðist almenn í þjóðfélaginu. Aðalnámskrá grunnskóla leggur áherslu á að efla tækni og miðlalæsi. Sagt verður frá niðurstöðum erlendra og innlendra rannsókna á því hvaða áhrif þessi notkun spjalddölvu hefur á skólastarf og námsárangur nemenda. Gerð er grein fyrir tillögu að rannsóknaráætlun vegna innleiðingar spjalddölvu í alla skóla í fjölmennu íslensku sveitarfélagi. Útlistað verður hvernig mætti með sniði ferilrannsóknar og eftirfylgni nýta niðurstöður samræmdra prófa og skráninga á skólapúlssi einstakra skóla til greiningar á innleiðingarferlinu með tilliti til námsárangurs nemenda og hvort hann tengist mismunandi starfsháttum einstaka skóla.

Málstofa 3.5 – stofa L202

Nýting miðla og upplýsinga í námi og háskólakennslu

Guðmundur Engilbertsson, lektor við HA (ge@unak.is)

Nýting miðla og upplýsinga er einn lykilhæfnipátta aðalnámskrár grunnskóla (2011) og í aðalnámskrá framhaldsskóla (2011) er lögð áhersla á að nemendur geti notað upplýsingatækni í þekkingarleit og miðlun þekkingar á gagnrýninn og skapandi hátt. Undanfarin ár hafa nemendur í námskeiðunum Læsi til skilnings og Kennsluaðferðir og námsmat við kennaradeild Háskólans á Akureyri nýtt mismundi miðla við þekkingarleit og í úrvinnslu tíma- og skilaverkefna. Dæmi um verkefni eru ritverk á ýmsu formi, m.a. gerð kynningarbæklinga, veggspjalda og vefsíðna. Markmið með verkefnunum eru að nemendur efli þekkingu sína, leikni og hæfni í samræmi við námsmarkmið en ekki síður að þeir geti miðlað á fjölbreyttan hátt þekkingu sinni til annarra, t.d. nemenda, foreldra og kennara í skólasamfélaginu og á vísindaráðstefnum. Á málstofunni fjallar kennari um notkun miðla í námskeiðunum og kynnir ýmis verkefni nemenda í máli og myndum. Einnig verður fjallað um áhrif þess á viðhorf kennarans til náms og kennslu í kennaranámi.

Málstofa 3.6 – stofa L203

Netávani. Nýtt verkefni fyrir fjölskyldur

Ólína Freysteinsdóttir, verkefnastjóri við RHA, (olina@unak.is), Halldór Guðmundsson, lektor HÍ, (halldor@hi.is) og Kjartan Ólafsson, lektor við HA (kjartan@unak.is)

Rannsókn þessi beinist að netávana unglunga og þeim áskorunum sem fjölskyldan stendur frammi fyrir vegna hans. Fjölmargar fræðigreinar taka til þess vanda sem hlýst af mikilli notkun netsins og aðrar fræðigreinar mætast í rannsóknum á honum. Hér er sjónum beint að netávana unglunga út frá sjónarhóli fjölskyldufræða en talið er að hún gegni veigamiklu hlutverki hvað netávana snertir. Greiningin byggir á gögnum sem safnað var hér á landi vegna eiginlegra hluta Evrópurannsóknarinnar EU NET ADB. Viðtöl voru tekin við þrettán unglunga á aldrinum 14-17 ára sem sýna merki um netávana. Tilgangur þessarar rannsóknar er að öðlast betri skilning á samskiptum unglunga og foreldra hvað netávana snertir með það að markmiði að sjá hvernig hægt er að styrkja fjölskyldur í að takast á við netávana. Helstu niðurstöður eru þær að unglingar telja sig eyða of miklum tíma á netinu sem bitnar á skóla og félagslífi og komi niður á samskiptum við foreldra. Jafnframt telja unglingar foreldra sína óánægða með netnotkun þeirra og hafa skilning á að foreldrar setji þeim mörk hvað það varðar. Niðurstöður þessarar rannsóknar styðja við mikilvægi þess hlutverks sem fjölskyldan gegnir er varðar netávana unglunga og varpa ljósi á mikilvægi þess að foreldrar fái stuðning í foreldrahlutverki sínu.

Málstofa 3.7 – stofa N102

Mix í MA

Anna Eyfjörð Eiríksdóttir (anna@ma.is) og Linda Sólveig Magnúsdóttir (linda@ma.is),
kennarar í Menntaskólanum á Akureyri

Flestir kennarar eiga ógrynnin öll af kennsluefni á glærum (PowerPoint). Með sérstakri viðbót við PowerPoint geta kennarar nú útbúið myndbönd úr glærunum sem nemendur geta skoðað sjálfir á eigin hraða. Mix gerir þá kennurum kleift að tala inn á glærunar, teikna inn skýringar, setja inn gagnvirkar spurningar og ýmislegt fleira og jafnvel getur kennarinn birst nemendum í innfeldri mynd á meðan og gert myndbandið þannig persónulegra. Þessi myndbönd má flytja beint út og vista hvar sem er eða vista á vefsvæði Office Mix. Þannig er með lítilli fyrirhöfn hægt að auðvelda nemendum að fara yfir kennsluefnið á eigin hraða og á sínum forsendum. Kennarar hafa síðan góða yfirsýn yfir virkni nemenda, hversu lengi nemendur dvelja við hverja glæru, hvernig þeir svara gagnvirku efni á glærunum o.s.frv. Anna Eyfjörð og Linda Sólveig munu fjalla um þetta tæki og hvernig þær hafa nýtt sér það í kennslu sinni við Menntaskólann á Akureyri.

Kynningabásar

eTwinning

Sólveig Sigurðardóttir (solveig.sigurdardottir@rannis.is), verkefnisstjóri Rannís

eTwinning er rafrænt skólasamfélag í Evrópu og er hluti af Erasmus+, menntaáætlun ESB. eTwinning er eitt stærsta starfssamfélag skólafólks í heimi en um 350 þúsund evrópskir kennarar hafa tekið þátt á síðustu 10 árum, þar af um 1000 íslenskir. Hjartað í eTwinning eru einföld samstarfsverkefni sem skólar vinna á Netinu, yfirleitt í sitt hvoru landinu. Jafnframt gefst kennurum kostur á að sækja frí netnámskeið, taka þátt í faglegum hópum, og mynda tengslanet. Skólaþróun og starfsþróun kennara eru meðal markmiða eTwinning og hefur það sýnt sig að þátttaka gagnast bæði kennurum og þeim skólum sem taka þátt.

ATH

Fleiri básar verða í miðborg og er fólk hvatt til að skoða þá þegar færi gefst. Einnig er verða í húsinu (stofa K201) forritunarbúðir fyrir nemendur á unglíngastigi og er ráðstefnugestum velkomið að kíkja á þær.



Munið eftir #MSHAradstefna16, #Snjallarisaman, #MSHAVorradstefna16

Allir eiga að geta tengst gestaneti HA